

Anna Dóra Jónsdóttir

From: Eydís Þ. Indriðadóttir
Sent: miðvikudagur, 2. febrúar 2022 14:03
To: Anna Dóra Jónsdóttir
Subject: FW: Ósk um upplýsingar frá starfshópi um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum
Attachments: Staða og áskoranir í orkumálum, spurningalisti.docx

Til útr. tölvup. og viðhengi SF_258

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: miðvikudagur, 2. febrúar 2022 13:59
To: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Subject: FW: Ósk um upplýsingar frá starfshópi um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Eins og sjá má á tölvupóstinum hér að neðan hefur verið stofnaður starfshópur til að fara yfir stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum.

Til þess að fá skýrari mynd af málinu er neðangreind fyrirspurn, sjá einnig viðhengi, send á sveitarfélögin sem aðild eiga að SASS og óskað er eftir hugmyndum um hvaða áherslur þau vildu helst að samtökin kæmu á framfæri við starfshópinn.

Væri gott að fá ykkar hugmyndir um hvað leggja skal áherslu á fyrir Suðurland, helst forgangsraðað þannig að það fylgi með í umsögn samtakanna.

Væri frábært ef þið hefðu tök á að svara sem fyrst en eins og sjá má í póstinum frá starfshópnum þurfum við að senda þeim ábendingar í síðasta lagi á þriðjudaginn, 8. febrúar nk. þannig að við þurfum svör frá ykkur í síðasta lagi 7. febrúar nk.

Vinsamlegast sendið á netfangið: bjarni@sass.is

Vakni spurningar hafið þá endilega samband í síma 480 8203 eða 897 9791.

Góð kveðja,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sass.is

From: Magnús Dige Baldursson <magnus.baldursson@uar.is>
Sent: þriðjudagur, 1. febrúar 2022 14:32
To: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>; Ásgerður K. Gylfadóttir <asgerdur@hornafjordur.is>; sass@sudurland.is
Cc: Erla Sigríður Gestsdóttir <erla.sigridur.gestsdottir@uar.is>; Vilhjálmur Egilsson <vilhjalmur@bifrost.is>
Subject: Ósk um upplýsingar frá starfshópi um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum

Til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Starfshópur á vegum umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis vinnur að samantekt yfir stöðu og áskorunum Íslands í orkumálum. Starfshópurinn hefur sett saman meðfylgjandi spurningalista til að klára gagnaöflun. Fyrir hönd formanns vil ég biðja ykkur að skoða meðfylgjandi skjal og svara eftir því sem á við ykkur en allir fá sama skjalið, þ.e. samráðshópurinn (stofnanir) og haghafar. Ekki er þörf á að svara öllum spurningunum. Aflað er tölulegra gagna t.d. varðandi orkuspá þar sem við á.

Þar sem vinna starfshópsins þarf að ganga hratt fyrir sig og um er að ræða forgangsmál af hálfu ráðherra er óskað eftir því að svörin verði knöpp en ef við á má gjarnan vísa í eða láta fylgja ítarlegri umfjöllun. Þá þarf að biðja um að svör berist ekki síðar en að viku liðinni, þriðjudaginn 8. feb. nk.

Ef einhverjar spurningar vakna þá ekki hika við að heyra í mér eða Erlu.

Með fyrirfram þökk f.h. formanns.

Kær kveðja,

Magnús Dige Baldursson


Kær kveðja,



Magnús Dige Baldursson, lögfræðingur / Head of Division

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Gagnahluti

1. Hver er viðbótarorkuþörf samfélagsins 2025, 2030, 2040 og 2050 (rafmagn, varmi, eldsneyti (endurn/jarðefna)
 - a. Grunnspá
 - b. Sviðsmynd með landsmarkmiðum (París 2030, Kolefnishlutlaus 2040, Full orkuskipti 2050 (með og án millilandaflogs og skipaflutninga, ferðamannaskipa)
 - c. Niðurbrot á notendaflokka, almenning, fyrirtæki, stórnotendur.
 - d. Áætlað magn raforku/rafeldsneytis

2. Hvað er áætlað af nýjum virkjanakostum til skamms tíma (5 ára) og lengri tíma
 - a. Jarðvarmi, vatnsafl, vindorka.
 - b. Smávirkjanir
 - c. Aflaukning núverandi virkjana
 - d. Annað

3. Hver er staða flutningskerfisins
 - a. Uppbygging síðustu 5 ára
 - i. Flutningsmannvirki
 - ii. Önnur mannvirki og úrbætur (varaafli, snjallkerfi)
 - b. Uppbygging til skamms (framkvæmdaáætlun) og lengri tíma
 - i. Flutningsmannvirki
 - ii. Önnur mannvirki
 - c. Hverjar eru hindranir
 - d. Hversu vel miðar að uppfylla stefnu stjórnvalda um flutningskerfi
 - i. N-1
 - ii. Tengingar milli svæða
 - e. Mælikvarðar um stöðu flutningskerfis
 - i. Gæði raforkuafhendingar og þróun.
 - ii. Flutningstöp
 - iii. Aldur kerfisins.
 - iv. Flutningur milli landshluta
 - v. Annað

4. Hver er staða dreifikerfis
 - a. Uppbygging síðustu 5 ára og helstu verkefni
 - i. Línur í jörð
 - ii. Þrífösunarverkefni
 - iii. Styrking varaafli
 - iv. Átaksverkefni stjórnvalda
 - b. Áætlun næstu 5-10 ára
 - i. Mannvirki
 - ii. Annað (snjallmælar, varaafli)
 - iii. Eftir landsfjórðungum
 - c. Mælikvarðar um stöðu dreifikerfis
 - i. Gæði raforkuafhendingar og þróun

Spurningar - orkuöryggi

1. Hver er orkuþörf til skamms og lengri tíma?
2. Hvaða orkuþörf þarf að anna á komandi árum?
3. Hversu mikla orku þarf fyrir orkuskiptin?
4. Hvað hefur tafið fyrir virkjunum sem eru í núverandi nýtingarflokki?
5. Hvaða virkjanir koma til framkvæmda næstu 5-10 árin?

6. Hvernig verður orkubörf mætt m.t.t. nýrra virkjana, stækkun núverandi virkjana og aukinni orkunýtni/sparnaði?
7. Hvar verður vindorkan staðsett m.v. landskipulag, skipulag sveitarfélaga?
8. Hver er staða varaafls í raforkukerfinu?
9. Hvernig er dreifikerfið í stakk búið fyrir aukin orkuskipti, á landi, í höfnum?
10. Hverjir eru stórnotendur og hver er staða þeirra?
11. Af hverju eru raforkuskerðingar yfirvofandi?
12. Hverjir verða fyrir skerðingum raforku og hver eru áhrifin?
13. Er hægt að taka frá orku fyrir ákveðin not, eins og orkuskipti?
14. Hvers konar iðnaður sækir í orkuna í dag og á komandi árum?
15. Hver er staða netöryggismála í raforkukerfinu.
16. Hvernig er staða hitaveitna varðandi framtíðarþörf?

Spurningar - orkuskipti

1. Hverjar eru hindranir í orkuskiptum?
2. Hversu vel gengur okkur í samanburði við önnur ríki?
3. Munum við ná Parísarmarkmiði 2030?
4. Þurfum við annað eldsneyti en rafmagn?
5. Erum við með nógu margar hleðslustöðvar?
6. Hvaða ívilnanir eru fyrir orkuskipti?
7. Hverjar eru megináskoranirnar í loftslagsmálum?
8. Hvernig verða orkuskiptin á skipunum?
9. Hvernig verða orkuskiptin í flugi?
10. Hvað hefur hindrað innlenda eldsneytisframleiðslu?
11. Hvenær verður rafeldsneyti samkeppnishæft?
12. Hvað hefur aukin rafvæðing hafna skilað sér í olíusparnaði?
13. Hvað væri hægt að spara ef stærri skip væru landtengd?
14. Hvaða áætlanir eru um rafvæðingu hafna?

Spurningar - samfélag/efnahagur

1. Hvernig hefur samkeppni í orkumálum þróast? (Heildsölumarkaði, fyrirtæki, neytendur)
2. Hefur samkeppnin verið til góðs?
3. Hvaða ábati hefur samfélagið af orkumálum (útflutningstekjur ofl).?
4. Hver er staðan á samningum stórnotenda?
5. Hefur verið töf á atvinnuuppbyggingu vegna stöðu orkumála, almennt eða eftir svæðum?
6. Hvernig tryggjum við að samfélagið hafi ábata af nýjum orkukostum eins og vindorku?
7. Hvernig tryggjum við orkuna á viðráðanlegu verði?
8. Hvernig tryggjum við samráð við almenning?

Spurningar - umhverfi, skipulag og náttúra

1. Hvert er samspil Landsskipulagsstefnu við orkumál?
2. Hvert er ferli leyfisveitinga fyrir línur og virkjanir?
3. Hver er meðaltími ferla?
4. Þarf að bæta leyfisveitingarferlið?
5. Hvað skýrir langan tíma í uppbyggingu flutningsvirkja?
6. Hvað er sjálfbær orkunýting?
7. Hver er þróun rafstrengja í jörðu. Hvar er hægt að koma þeim við og hvar ekki?
8. Hvernig hafa landkostir áhrif á kostnað; laus jarðlög, vatn, mishæðir og fastur berggrunnur?

Spurt og svarað um orkunýtni

1. Hvers vegna er orkunýtni mikilvæg?
2. Hvaða árangur hefur náðst með orkunýtnari tækjum?
3. Hvaða árangur hefur náðst með snjallvæðingu í flutningskerfinu?
4. Hverju gæti aukin varmadæluvæðing skilað?
5. Hversu mikil orka fer forgörðum?
6. Hvað er glatvarmi og hvernig gæti hann nýst?
7. Förum við vel með orkuna/auðlindina?
8. Hvað er hægt að fanga mikla orku með því að bæta flutningskerfi, fanga glatvarma, smartmæla osfrv.?
9. Hver eru helstu orkunýtniverkefni sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum (snjallmælar, smartgrids, varmadælur)?